

Umsögn

Tilv. UX.664(P)



Land og skógur

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
sent á skipulag@skipulag.is

13. nóvember 2024

Efni: **Norðausturvegur um Skjálfandafljót í Kinn. Mat á umhverfisáhrifum. Kynning matsáætlunar.
Mnr. 1223/2024**

Óskað var eftir umsögn stofnunarinnar. Frestur var til 11. nóvember 2024. Umsögn þessi er byggð á lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 og lögum um landgræðslu nr. 155/2018.

Stofnunin gerir engar athugasemdir og telur af sinni hálfu engu við að bæta í matsáætluninni.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað,
bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, s. 570-5550

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0029
LA

Efni: Matsáætlun fyrir Norðausturveg um Skjálfandafljót í Kinn

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 10. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um kynningu á matsáætlun fyrir Norðausturveg um Skjálfandafljót í Kinn. Vegagerðin fyrirhugar vegabætur á um 9-10 km löngum kafla Norðausturvegar um Skjálfandafljót í Kinn, milli Torfuness í Kaldakinn og Tjarnar í Aðaldal. Í framkvæmdinni felst auk vegagerðar, bygging nýrra tveggja akreina brúa yfir Skjálfandafljót og Rangá og lagfæring á vegamótum Norðausturvegar (85) og Aðaldalsvegar (845) við Tjörn í Aðaldal. Markmið framkvæmda er að auka umferðaöryggi vegfaranda og greiðari samgöngur.

Tveir valkostir eru lagðir fram:

- Veglína A, um 8,9 km löng og felur í sér nýbyggingu á 5,9 km löngum kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 3 km kafla.
- Veglína B, um 10,2 km löng og felur í sér nýbyggingu á 3,4 km löngum kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 6,8 km kafla.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina, sem er greinargóð og í henni kemur fram flest það sem nauðsynlegt er að fjalla um í mati á umhverfisáhrifum. Árið 2023 gerði stofnunin úttekt á gróðurfari, skriðuhættu og jarðminjum fyrir Vegagerðina vegna fyrirhugaðrar færslu Norðausturvegar, veglína A. Úttektin sýndi að fyrirhugaðar framkvæmdir myndu valda beinni eyðingu á sjaldgæfum landvistgerðum, þar á meðal vistgerðum með hátt verndargildi og vistgerðum á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þá er hætta á að framkvæmdir við nýjan veg muni auka landnám ágengra framandi tegunda. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að mikilvægt sé að gera sambærilega úttekt á vistgerðum fyrir veglínu B þannig að hægt sé að meta áhrif fyrirhugaðrar færslu Norðausturvegar á náttúruferfarir út frá báðum valkostum sem settir eru fram.

Við fyrirhugaða veglagningu verður óhjákvæmilega rask á nútímahrauni og gervígum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Gervígur eru fágætar jarðmyndanir sem hafa alþjóðlegt mikilvægi. Því ber að forðast rask á gervígum innan framkvæmda-svæðisins, eins og hægt er, og sérstaklega ef um eru að ræða heillega gervígur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2024
UST202410-098/E.S.F.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsáætlun - Norðausturvegur um Skjálfandaflljót í Kinn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun fyrir Norðausturveg um Skjálfandaflljót í Kinn, Þingeyjarsveit.

Framkvæmdarlýsing

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur frá Norðausturvegi (85) við Torfunes í Köldukinn, yfir Skjálfandaflljót, um Skriðhverfi og yfir í Aðaldal. Það endar skammt norðan Tjarnar í Aðaldal. Núverandi Norðausturvegur (85) á framkvæmdasvæðinu er um 13,7 km langur. Nýr vegur mun bæði fylgja núverandi vegi en einnig liggja um lítt raskað land, háð vali á veglínu. Framkvæmdinni má skipta í fjóra þætti: vegagerð, efnistöku, brúargerð og rekstur. Veghelgunarsvæði Norðausturvegar (85) telst vera 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar. Framkvæmdasvæði vegna vegagerðar rúmast oftast innan veghelgunarsvæðis en þar sem eru mjög háar fyllingar eða miklar skeringar getur hluti framkvæmdasvæðisins náð út fyrir veghelgunarsvæðið. T.d. eru námusvæði sem til athugunar eru, utan veghelgunarsvæðis og á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir veghelgunarsvæðið til að geyma efni tímabundið.

Verkefnið

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að fjallað sé jafnitarlega um umhverfisáhrif bæði veglínu A og B í umhverfismatinu. Stofnunin bendir einnig á að í kafla 5.13 (Fyrirliggjandi gögn) ætti að nefna Vatnaáætlun 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Umhverfisstofnun hefur áður veitt umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna Norðausturvegar um Skjálfandaflljót í Kinn (Veglínu A), 16. febrúar 2024.¹

Efnistökusvæði

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í umhverfismatinu verði umhverfisáhrif af efnistöku metin, sérstaklega áhrif fyrirhugaðrar efnistöku úr ám en nánar er fjallað um þann þátt í kaflanum um vatnamál. Í matsáætlun er tekið fram að efnistaka vegna vegagerðarinnar sé háð efnisþörf framkvæmdarinnar, staðsetningu náma og frágangi þeirra að efnistöku

¹ [Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn - Norðausturvegur um Skjálfandaflljót í Kinn](#)

lokinni. Í matsáætlun kemur fram að skoðað verði hvernig framkvæmdin fellur að núverandi aðstæðum og því sem gert er ráð fyrir á skipulagi. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023-2043 er enn í vinnslu en það þarf að vera tryggt að landnotkun, þ.m.t. efnistökusvæði, samræmist gildandi skipulagi á framkvæmdatíma.

Jarðmyndanir

Í matsáætluninni kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði mun að hluta til liggja um nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, þ.e. Bárðardalshraun og Laxárhraun yngra. Nýjar veglínur munu líka liggja innan svæðis nr. 526 á náttúruminjaskrá, gervigígaþyrpingu í Aðaldal.

Um það segir í náttúruminjaskrá: „*Gervigígaþyrpingar í Aðaldal, Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Gjallgígar og borgir í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Hafralæk, Garð, Jarlsstaði og Tjörn. (2) Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra.*“

Umhverfisstofnun bendir á að gervigígar njóta auk þess sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Forðast skal að raska þessum jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé ítarlega um gervigígana í umhverfismatinu og þeir kortlagðir og staðsettir nánar og fram komi hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Einnig hvetur stofnunin til þess að aðrar leiðir verði skoðaðar varðandi veglagninguna í gegnum hraunið sem myndu ekki fela í sér rask eða draga úr raski á gervigígum. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á gervigígunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Vistgerðir og náttúrulegir birkiskógar

Skv. úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á gróðurfari, skriðuhættu og jarðminjum vegna fyrirhugaðrar færslu Norðausturvegar í Þingeyjarsveit² finnast innan framkvæmdasvæðisins vistgerðir með mjög hátt verndargildi eins og starungsmýrarvist, brokflóavist, starungsflóavist, tjarnastararflóavist, gulstararflóavist og víðikjarrvist. Umhverfisstofnun bendir á að í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.

² <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2023/NI-23003.pdf>

Náttúrulegur birkiskógur finnst einnig innan framkvæmdasvæðisins en Umhverfisstofnun bendir á að hugsanlega nýtur hann sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að það er hlutverk Lands og skógar að skilgreina birkiskóga sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Birkiskógur er landvistgerð með hátt verndargildi samkvæmt frum- og endurmati NÍ á verndargildi vistgerða og telst til forgangsvistgerða skv. úttektar NÍ.³

Votlendi

Í matsáætluninni kemur fram að ef votlendi stærra en 2 ha finnst á rannsóknarsvæðinu, verður þeim lýst í umhverfismatsskýrslu og mælt hve stór svæði skerðast vegna framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur að þeir valkostir sem eru til skoðunar munu að einhverju leyti fara um votlendi sem nýtur verndar skv. 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf um mikilvægi votlendis í umhverfismatinu. Í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga þarf að koma fram hvaða brýna almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendu.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

³ <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2023/NI-23003.pdf>

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sé að endurheimt votlendis sem hluta af mótvægisáðgerðum en bendir á mikilvægi þess að það komi fram í umhverfismati hvaða svæði muni verða fyrir valinu til endurheimtar.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að votlendi hefur margvíslegt gildi og má skipta mikilvægi þess í þrjá flokka.

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.
- Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.
- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.

Vatnamál

Í köflum 5.6. og 5.8. er fjallað um ástand og áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin, en að mati Umhverfisstofnunar færi betur að kafla 5.8. væri undir kafla 5.6. þar sem fjallað er heildstætt um vatnamál. Setja þarf áhrif á lífríki vatnshlotanna í tengslum við framkvæmdina í samhengi við vistfræðilegt ástand þeirra og umhverfismarkmið.

Í matsáætluninni er vitnað í rammatilskipun ESB um verndun vatns. Umhverfisstofnun bendir á að innleiðing vatnatilskipunarinnar hófst á Íslandi árið 2011 með gildistöku á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og ætti frekar að vitna í þau lög og reglugerðir.

Afmörkun

Í matsáætluninni segir að fyrirhuguð vegaframkvæmd fari um tvö grunnvatnshlot, þ.e. Staðarfjall (nr. 102-67-G) og Aðaldalshraun-Trölladyngju (nr. 102-278-2-G), og þveri tvær ár, þ.e. straumvatnshlotin Rangá (nr. 102-1731-R) og Skjálfafljót 1 (nr. 102-1786-R). Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vatnshlotanúmer allra vatnshlotanna komi fram í umhverfismatinu.

Umhverfismarkmið

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að fjallað sé um umhverfismarkmið allra vatnshlotanna í umhverfismatinu þar sem umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og þau þarf að uppfylla. Þau grunnvatnshlot sem framkvæmdin gæti haft áhrif á

hafa bæði umhverfismarkmið um að magnstaða sé góð og að efnafræðilegt ástand sé gott. Yfirborðsvatnshlotin (Rangá og Skjálfandafljót 1) hafa þau umhverfismarkmið að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi.

Framkvæmdaraðili þarf að meta hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan framkvæmdasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vatnaáætlun má ástandi vatnshlota ekki hnigna, hvorki varanlega né tímabundið.

Ástand vatnshlota

Umhverfismarkmið vatnshlota vísa til þess í hvaða ástandi vatnshlotið á að lágmarki að vera samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun bendir á að efnafræðilegt ástand þeirra grunnvatns- og yfirborðsvatnshlota sem framkvæmdin fer um er óþekkt. Auk þess er magnstaða grunnvatnshlotanna óþekkt. Yfirborðsvatnshlotin Rangá⁴ og Skjálfandafljót⁵ eru metin í mjög góðu vistfræðilegu ástandi.

Áhrifamat

Meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á þá gæðabætti sem notaðir eru til grundvallar mati á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi og hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Fyrirhugaðar framkvæmdir geta valdið vatnsformfræðilegu álagi á líffræðilega, efna- og eðlisefnafræðilega gæðabætti og er því mikilvægt að meta framkvæmdina út frá þeim þáttum.⁶ Dæmi um álag vegna vatnsformfræði í straumvatni eru ýmiss konar breytingar í árfarvegi, efnistaka í árfarvegum, rof- og flóðavarnargarðar og ýmiss konar önnur mannvirki í farvegum straumvatna.

Í matsáætluninni segir einnig að Vegagerðin áformi efnistöku úr eða við farveg Skjálfandafljóts á tveimur stöðum. Umhverfisstofnan bendir á að efnistakan getur haft áhrif á botngerð og lífríki Skjálfandafljóts. Meta þarf umhverfisáhrif efnistökkunnar og skoða hvort efnistakan geti leitt til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Jafnframt telur stofnunin að skoða ætti aðra valkosti sem fela ekki í sér efnistöku úr straumvatni.

Líkt og kom fram hér að ofan er ástand umræddra vatnshlota að mestu leyti óþekkt. Þó hefur vistfræðilegt ástand Rangár og Skjálfandafljóts 1 verið metið mjög gott. Gera þarf mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin sem innifelur m.a.

- Vatnshlotin sem um ræðir (nafn og númer), ástand þeirra, núverandi álag og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á þá gæðabætti⁷ sem notaðir eru til að ástandsmeta vatnshlotin. Athuga skal að ekki er alltaf nauðsynlegt að gera ítarlegt mat á áhrifum á alla gæðabætti. Í sumum tilvikum eiga ákveðnir gæðabættir ekki við en þá þarf að færa rök fyrir því. Ef greind eru líkleg neikvæð

⁴ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-1731-R>

⁵ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-1786-R>

⁶ [Vöktunaráætlanir og skipulag vöktunar](#)

⁷ [Gæðabættir til að meta ástand yfirborðsvatnshlota](#)

áhrif á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Hafa þarf í huga bæði bein og óbein áhrif. Jafnframt þarf að gera nánar grein fyrir áhrifum af völdum gruggmyndunar á líffræðilega gæðapætti, t.d. hryggleysingja og fiska.

- Umfjöllun um hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið munu ekki nást vegna framkvæmdanna.
- Umfjöllun um hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (ef þörf er á).
- Umfjöllun um aðra starfsemi eða framkvæmdir sem hafa áhrif á sömu vatnshlot (ef við á).

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti að uppfylltum skilyrðum 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Loftslag

Að mati Umhverfisstofnunar ættu áhrif á loftslag að vera sér matsþáttur í mati á umhverfisáhrifum. Röskun á votlendi og birkiskógum sem geta haft áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Einn liður í Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er verndun kolefnisríks jarðvegs, þ.e. votlendi og gróðurs í skipulagi.⁸

Loft- og hljóðmengun

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferð vinnuvéla. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um loft- og hljóðmengun á framkvæmdatíma og áhrif hennar á íbúa og dýralíf. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að metin séu áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði frá umferð. Með aukinni umferð og þungaflutningum getur svifryk aukist frá útblæstri bíla og sem ryk frá vegyfirborði.

Slóðagerð

Slóðagerð fylgir veglagningu og mikilvægt er að skilgreina vel hvaða slóða þarf að leggja í tengslum við framkvæmdina, t.d. vegna efnistöku. Í umhverfismati ætti að meta umhverfisáhrif slóðagerðar.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi ána. Því er mikilvægt að meta áhrif framkvæmdarinnar á bakkagróður og huga að viðeigandi mótvægisáðgerðum.

⁸ [Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, co2.is](#)

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur



Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Reykjavík

Hafnarfjörður 6. nóvember 2024
Tilv.2024-10-10-1291

Efni: Varðar matsáætlanir vegna Norðausturvegar um Skjálfandafljót í Kinn – mál nr. 1223/2024:

Með erindi úr Skipulagsgátt, dags. 10. október 2024, leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu vegna fyrirhugaða framkvæmda á Norðausturvegi um Skjálfandafljót í Kinn. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að framkvæmdirnar muni fela í sér vegagerð, efnistöku, ræsi og brýr, rofvarnir og varðargarða. Þetta eru allt framkvæmdir sem geta haft áhrif á lífríki í vatni og aðstöðu til veiði.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sækja má um leyfi með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>. Einnig er vakin athygli á því að með umsókninni skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags og umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmda á lífríki árinna eða aðstöðu til veiði.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, með sérstakri umfjöllun og áherslu á möguleg áhrif framkvæmdanna á lífríki í vatni, vatnsgæði og aðstöðu til veiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Hera K. Aradóttir

Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur á lax- og silungsveiðisviði

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Akureyri, 6. nóvember 2024
MÍ202410-0079/ 6.07 / S.G.

Norðausturvegur Þingeyjarsveit – ákvörðun um matsskyldu

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar vegna matsáætlunar fyrir framkvæmd Norðausturvegar í Þingeyjarsveit, um Skjálfandafljót í Kinn. Hægt var að hlaða niður matsáætluninni, dagsettri í október 2024.

Um er að ræða endur- og nýbyggingu á um 9-10 km löngum vegakafla milli Torfuness í Kaldakinn og Tjarnar í Aðaldal, háð vali á veglínu.

- Veglína A er um 8,9 km löng og felur í sér nýbyggingu á 5,9 km löngum kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 4 km kafla
- Veglína B sem er um 10,2 km löng og felur í sér nýbyggingu á 5,9 km löngum kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 9,8 km kafla.

Í tengslum við framkvæmdina verða nýjar tvíbreiðar brýr byggðar á Rangá og Skjálfandafljót og vegamót Norðausturvegar (85) og Aðaldalsvegar (845) við Tjörn lagfærð.

Fornleifaskráningu á svæðinu er lokið vegna veglínu A, sjá Hákon Jenson. Fornleifaskráning vegna breytingar á veglínu á Norðausturvegi um Skjálfandafljót í Kinn. Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2023/6, viðauki 7. Vettvangsvinnu er lokið vegna fornleifaskráningar við veglínu B samkvæmt tölupósti frá Hákonni Jenssyni. Skýrslan ætti að birtast fyrir árslok.

Í kafla 5.10 um fornleifar er þess getið að reynt verði að sneiða fram hjá fornleifum eins og hægt er, en ef nauðsynlegt reynist að raska

Sædis Gunnarsdóttir

Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

minjastöðum verði aflað leyfis hjá Minjastofnun Íslands, sem úrskurði um mögulegar mótvægisáðgerðir og/eða rannsóknir.

Minjastofnun Íslands telur að í matsáætlun framkvæmdaaðila verði fjallað um þá megin áhrifaþætti sem framkvæmdin kemur til með að hafa í för með sér. Þegar fornleifaskráning liggur fyrir vegna veglínu B verður hægt að bera saman áhrif valkostanna á menningarminjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlun um framkvæmd við Norðausturveg við Skjálfandafljót.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavík 04.11.2024

Mál: 2024-10-0336

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Skipulagsstofnun óskaði 10. október 2024 eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar vegna framkvæmda við Norðausturveg (85-02) í Þingeyjarsveit.

Hafrannsóknastofnun telur að í matsáætlun framkvæmdaáðila verði fjallað um þá megin áhrifaþætti sem framkvæmdin kemur til með að hafa í för með sér og gefur jafnframt möguleika á samanburði á áhrifum þeirra kosta sem settir eru fram.

Hafrannsóknastofnun gerði umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar dagsett 21.01.2024. Vísað er efnislega til athugasemda sem koma fram í þeirri umsögn.

Hafrannsóknastofnun er ekki stjórnslustofnun og fer ekki með leyfisveitingar vegna framkvæmda.

F.h. hönd Hafrannsóknastofnunar,

Guðni Guðbergsson

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2410017

Málsheiti: Norðausturvegur um Skjálfafljót í Kinn - umsagnarbeiðni, kynning matsáætlunar

Málsaðili: Skipulagsstofnun

Skráð af: Anna Bragadóttir

Ábyrgðaraðili: Anna Bragadóttir

Fundur: Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar - 50 (24.10.2024) - Norðausturvegur um Skjálfafljót í Kinn - umsagnarbeiðni, kynning matsáætlunar

Dags: 29.10.2024

Inngangur: Tekin fyrir beiðni frá Skipulagsstofnun um umsögn um kynningu matsáætlunar vegna fyrirhugaðrar framkvæmda sem felst í vegagerð á um 9-10 km löngum kafla Norðausturvegar (85) um Skjálfafljót í Kinn, milli Torfuness í Kaldakinn og Tjarnar í Aðaldal, háð vali á veglínu. Í framkvæmdinni felst, auk vegagerðar, bygging nýrra tveggja akreina brúa á Skjálfafljót og Rangá og lagfæring á vegamótum Norðausturvegar (85) og Aðaldalsvegar (845) við Tjörn í Aðaldal. Tveir valkostir eru lagðir fram. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi vegfarenda og tryggja greiðari samgöngur.

Niðurst.: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar en leggur áherslu á að ekki verði frekari tafir á framkvæmdum við nýja brú á vegi 85 og felur sveitarstjóra og oddvita að funda með Vegagerðinni þar sem óskað verður eftir upplýsingum um ástæðu þess að leiðarval B sé komið inn í matsáætlun. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulagsnefnd - 29 (16.10.2024) - Norðausturvegur um Skjálfafljót í Kinn - umsagnarbeiðni, kynning matsáætlunar

Dags: 21.10.2024

Inngangur: Tekin fyrir beiðni frá Skipulagsstofnun um umsögn um kynningu matsáætlunar vegna fyrirhugaðrar framkvæmda sem felst í vegagerð á um 9-10 km löngum kafla Norðausturvegar (85) um Skjálfafljót í Kinn, milli Torfuness í Kaldakinn og Tjarnar í Aðaldal, háð vali á veglínu. Í framkvæmdinni felst, auk vegagerðar, bygging nýrra tveggja akreina brúa á Skjálfafljót og Rangá og lagfæring á vegamótum Norðausturvegar (85) og Aðaldalsvegar (845) við Tjörn í Aðaldal. Tveir valkostir eru lagðir fram. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi vegfarenda og tryggja greiðari samgöngur.

Niðurst.: Skipulagsnefnd gerir athugasemd við leiðarval B í matsáætlun þar sem kominn er fram valkostur sem ekki var til umfjöllunar við ákvörðun um matsskyldu sem tekin var fyrir á fundi skipulagsnefndar þann 17.01.2024. Málið á sér langa sögu og hefur verið unnið mjög ýtarlega á öllum stjórnsýslustigum í samstarfi Vegagerðarinnar og landeigenda. Niðurstaða þeirrar vinnu var leiðarval A sem síðast var samþykkt í sveitarstjórn 26.01.2023. Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.
Austursvæði

Sent í Skipulagsgátt

Húsavík 24-10 2024

Efni: : Vegagerðin fyrirhugar vegabætur á um 9-10 km löngum kafla Norðausturvegar (85) um Skjálfandafljót í Kinn, milli Torfuness í Kaldakinn og Tjarnar í Aðaldal, háð vali á veglínu. Í framkvæmdinni felst, auk vegagerðar, bygging nýrra tveggja akreina brúa á Skjálfandafljót og Rangá og lagfæring á vegamótum Norðausturvegar (85) og Aðaldalsvegar (845) við Tjörn í Aðaldal. Tveir valkostir eru lagðir fram. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi vegfarenda og tryggja greiðari samgöngur.

HNE bendir á mikilvægi þess að gera kröfur til verktaka á svæðinu að vélar og tæki séu í góðu lagi, og ekkert slíkt fari inn á svæðið nema að undangenginni skoðun Vinnueftirlits eða annara aðila sem til þess eru færir.

HNE gerir ekki aðrar athugasemdir á þessu stigi málsins og telur að matsáætlun framkvæmdarinnar, sé fullnægjandi og geri vel grein fyrir framkvæmdinni.

Jóhannes H Hauksson
Heilbrigðisfulltrúi
Austursvæði.